



Þjóð
leik
húsið

UMHVERFIS- OG LOFSLAGSSTEFNA ÞJÓÐLEIKHÚSSINS

Mai 2022

“Loftslagsbreytingar af mannavöldum eru hnattrænn vandi. Öll losun gróðurhúsalofttegunda hvar sem hún er á jarðarkringlunni, leiðir til aukins styrks koldíoxíðs í andrúmsloftinu. Aukinn styrkur koldíoxíðs leiðir til hækkunar hitastigs og sú hækkun getur haft áhrif með ólíkum hætti á veðurfar og náttúrufar eftir því hvar í heiminum við erum staðsett. Þetta þýðir að upprunastaður losunar skiptir ekki máli.”

(loftslagsráð, Fróðleikur um loftslagsmál 2020)



INNGANGUR

Þann 9. apríl 2019 var samþykkt aðgerðaráætlun ríkistjórnarinnar í loftslagsmálum. Stefnan tekur til allra ríkisstofnanna og mun Þjóðleikhúsið ekki láta sitt eftir liggja í þeim efnum.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur fjármagnað verkefni sem ber nafnið Græn Skref og er í umsjá Umhverfisstofnunar. Verkefninu er ætlað til að auðvelda ríkisstofnunum og öðrum fyrirtækjum að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og efla umhverfisvitund starfsmanna sinna.

Við stöndum frammi fyrir miklum loftlagsvanda. Leikhúsið og fólkið sem þar starfar þarf, eins og aðrir að bregast við þeim vanda. Það er sérstaklega mikilvægt fyrir leikhúsið að vera til fyrirmyndar í þessum efnum til að geta tekið þátt og verið leiðandi í samtali um þessa stærstu vá sem mannkynið hefur staðið frammi fyrir og ræður framtíð kynslóðanna.

Í september 2021 var stofnaður í Þjóðleikhúsinu umhverfishópur sem fékk það hlutverk að móta nýja stefnu fyrir leikhúsið. Í honum sitja fulltrúar framleiðsludeilda, sýningarstjóra og leikara auk skipulagsstjóra. Hópnun er ætlað það hlutverk fyrst og fremst að leyfa röddum starfsfólks úr ólíkum deildum að heyrast svo stefnan geti verið víðtæk og fjölbreytt og komi frá þeim sem málið varða. Fjármálastjóri og bókari halda utan um græna bókhaldið og tryggja að bókhaldsupplýsingar skili sér til að hægt sé að mæla árangur af þeim markmiðum sem sett eru.

Þjóðleikhúsið ætlar sér að vera til fyrirmyndar í loftslagsmálum og hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi í öllu starfi sínu, hvort heldur um ræðir framleiðslu leiksýninga og sýningahald, veitingarekstur eða í listrænni ákvarðanatöku. Leita skal allra leiða til að gera Þjóðleikhúsið að umhverfisvænum og samfélagslega ábyrgum vinnustað með því að draga markvisst úr losun gróðuhúsalofttegunda og þeim áhrifum sem losunin veldur. Markmið er að upplifun starfsfólks og gesta af Þjóðleikhúsinu skuli einkennast af þeim gildum sem sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna boða, jafnvægi, friði, ánægju og samheldni.



LÖG UM LOFTSLAGSMÁL OG ÁBYRGÐ ÞJÓÐLEIKHÚSSINS

Árið 2012 voru sett á Alþingi lög um loftslagsmál, markmið þessara laga eru fyrst og fremst að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, auka bindingu kolefnis úr andrúmslofti og skapa skilyrði til að standa við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum sem eru að ná kolefnishlutleysi fyrir árið 2040.

Skv. 5 gr laganna: „Stjórnarráð Íslands, stofnanir ríkisins, fyrirtæki í meirihlutaeigu ríkisins og sveitarfélög skulu setja sér loftslagsstefnu. Stefnan skal innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð.“

(Alþingi, 70/2012: Lög Um Loftslagsmál 2012)

Þjóðleikhús Íslands er því skuldbundið skv lögum að setja sér loftslagsstefnu með markmiðum um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda.

Þjóðleikhúsið er mikilvæg rödd í samfélaginu og gera mætti meira í að nýta þá rödd inn í mikilvæga umræðu um umhverfismál. Gildir þá fyrst og fremst að vera til fyrirmyndar í kolefnisjöfnun en einnig spegla í verkum sínum þá umræðu sem á sér stað um umhverfismál og þá hættu sem stafar af umhverfisáhrifum af manna völdum. Leikhúsið hefur frá upphafi verið eitt sterkasta aflið þegar kemur að því að efla gagnrýna hugsun og á því að láta fast að sér kveða þegar kemur að loftslagsmálum.

“The cultural sector has a unique ability to imagine and experiment with alternative futures, question the status quo, see the world differently and explore the future with audiences and participants. Without the cultural sector playing its part in helping current and future society to move towards a more sustainable way of life, this essential shift will not happen.”

(Scotland, Connecting Arts and Sustainability 2020)



KOLEFNISSPOR ÞJÓÐLEIKHÚSSINS.

Við mótun umhverfisstefnu Þjóðleikhússins er græna bókhaldið notað til að reikna út helstu áhrifaþætti varðandi losun gróðurhúsalofttegunda í rekstrinum. Þær upplýsingar eru grundvöllur á útreikningum á kolefnisspori Þjóðleikhússins. Bókhaldið tilgreinir flugferðir, akstur, orkunotkun og magn úrgangs í endurvinnslu, urðun og jarðgerð. Í gegnum leikhúsið fer mikið af byggingarefnum vegna leikmyndasmíða og mikil tækifæri fólgin í endurnýtingu þeirra efna. Við útreikninga á áhrifum matar og matarsóunar eru teknar saman magntölur kjöts sem veldur umtalsvert meiri losun CO₂ en aðrir fæðuflokkar og útreikningar á matarafgöngum sem fleygt er í ruslið, bæði úr eldhúsi og í matsal.

UMHVERFIS- OG LOFTSLAGSSTEFNA ÞJÓÐLEIKHÚSSINS

Umhverfis- og loftslagsstefna Þjóðleikhússins tekur tillit til allra þátta sjálfbærni og fólks, umhverfi, friður, jafnvægi og samkomulag haft að leiðarljósi. Á þann hátt leggur leikhúsið sitt af mörkum til núverandi og komandi kynslóða.

Auk þess að minnka kolefnisspor leikhússins er markmið umhverfis- og loftslagsstefnunnar að efla meðvitund og gagnrýna hugsun starfsfólks, sýningargesta og almennings í garð náttúrunnar og umhverfisins með það að leiðarljósi að snúa við þeirri þróun sem nú á sér stað í heiminum með loftlagsbreytingum af mannavöldum.

Stjórnendur leikhússins eru ábyrg fyrir framkvæmd stefnunnar. Allt starfsfólk hefur hana að leiðarljósi í störfum sínum og sérhver starfsmaður sýnir gott fordæmi og leggur sitt af mörkum í þágu umhverfisverndar. Hún tekur til allrar starfsemi leikhússins og undir hana falla innkaup, vinnuumhverfi, notkun auðlinda og meðferð efna og úrgangs.

Umhverfis- og loftslagsstefnan er endurskoðuð af umhverfihópi árlega að vori og samþykkt af framkvæmdastjórn og bætt í samræmi við markmið.



MARKMIÐ

1. Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í starfsemi Þjóðleikhússins um samtals 30% til ársins 2030 miðað við árið 2021.
2. Að efla vitund starfsfólks og almennings um umhverfismál og ýta undir gagnrýna hugsun.

Allar aðgerðir stefnunar miða að þessum tveimur markmiðum, þar sem þau vinna saman og styðja við hvort annað.





AÐGERÐIR

Aðföng

1. Við veljum umhverfismerktar vörur í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um vistvæn innkaup og notum rammisamninga Ríkiskaupa.
2. Við tökum mið af umhverfissjónarmiðum við innkaup til jafns við kostnað og gæði. Ef vörur eða þjónusta eru sambærilegar að öðru leyti ber að velja þann kost sem telst síður skaðlegur umhverfinu.
3. Við drögum úr notkun einnota aðfanga, s.s. einnota bolla, borðbúnaðar og óþarfa umbúða.

Hvað mælum við?

- Allar deildir skrá innkaup og uppruna. Bera saman milli ára.
- Telja einnota aðföng sem keypt eru. Bera saman milli ára.

Nýting orkuauðlinda

1. Förum sparlega með vatn og orkuauðlindir, t.d. láta vatn ekki renna að óþörfu, slökkva á rafmagnstækjum og ljósum í lok vinnudags eða þegar ekki er nauðsynlegt að hafa kveikt.

Hvað mælum við?

- Lesum af mælum. Samanburður milli ára.



Rekstur, framleiðsla og viðhald

1. Við veljum vistvæna kosti við framleiðslu leiksýninga.
2. Við tökum gagnrýna umræðu áður en tekin er ákvörðun að ráðast er í framleiðslu hluta eða innkaup við framleiðslu leiksýninga.
3. Við leitumst við að velja vistvæna kosti við rekstur bygginga leikhússins, svo sem ljósaperur, hreinlætisvörur.
4. Við reynum að minnka umhverfis áhrif flutnings við innkaup okkar. (Getur verið betra að kaupa inn á lager í stað þess að fara margar ferðir eftir hlutum, eða kaupa dýrara efni ef hægt er að nota aftur, svo sem límtré).
5. Við endurnýtum byggingarefni í meira mæli en nú er, t.d. með því að skrúfa frekar en hefta.

Hvað mælum við?

- Hlutfall endurnýtingar við framleiðslu hvernar leiksýningar. (leikmynd, búningar, gervi, leikmunir og svo frv.
- Kaup erlendis frá í deildum. Fjöldi pantana og magn í hverri.

Efnanotkun

1. Förum sparlega með efni og efnavörur, t.d. við uppvott og ræstingar eða framleiðslu leiksýninga (málning, lakk, lím o.s.frv).
2. Allar ræstivörur sem notaðar eru í leikhúsinu skulu vera merktar með viðurkenndu umhverfismerki, s.s. Norræna svaninum, Evrópublóminu eða Bra Miljöval.

Hvað mælum við?

- Magn af ræstivörum sem keyptar eru. Mælt á milli ára.
- Magn af málningu, lakki, lími osfrv. sem keypt er. Mælt á milli ára.

Endurnýting og meðferð úrgangs

1. Við leggjum áherslu á efsta stig úrgangspíramídans, á endurnotkun efna í stað endurvinnslu og reyna að endurnýta hluti betur.
2. Minnka og endurskoða magn af efnum áður en keypt er.
3. Vekja listræna stjórnendur til umhugsunar og setja þeim í hendur verkfæri til að aðlaga og bæta umhverfisvitund sína.
4. Við drögum meðvitað úr pappírnotkun, m.a. með því að prenta báðum megin á blöðin og gæta þess að prenta hvorki né ljósrita að óþörfu.
5. Við aukum endurvinnslu með skilum á flokkuðum úrgangi og spilliefnum.
6. Við förgum öllum úrgangi og spilliefnum á viðeigandi hátt, s.s. rafhlöðum, prenthylkjum, ljósaperum og málningarvörum.
7. Við flokkun úrgangs fyrir gesti skal vera auðskiljanleg, aðgengileg og auðveld.
8. Við setjum upp sjónrænan úrgangspíramída sem aðgengilegur og til sýnis öllum deildum.

Hvað mælum við?

- Upplýsingar um aðkeypt efni og spilliefni.
- Yfirlit yfir magn af flokkuðum og blönduðum úrgangi sem Gámaþjónusta Íslands fjarlægir

Samgöngur

1. Við leitumst við að velja umhverfisvænar leiðir í samgöngum þegar ferðast er á vegum leikhússins. Dæmi: óska eftir vistvænum bílum hjá leigubílastöðvum og bílaleigum, samnýta bíla og ganga styttri vegalengdir.
2. Leitast skal við að halda fjarfundi eftir því sem kostur er.
3. Við kaup á bifreið fyrir leikhúsið skal taka leitast við að velja sparneytið og vistvænt ökutæki.
4. Efla og hvetja starfsfólk til að ferðast í vinnuna fótgangandi, hjólandi eða með strætó.
5. Kynna og auka við samgöngustyrki fyrir þá sem kjósa vistvæna ferðamála

Hvað mælum við?

- Fjöldi fjarfunda og staðarfunda talinn
- Fjöldi samgöngustyrkja

Umhverfisvísar og fræðsla

1. Haldið er yfirlit yfir helstu „grænu“ lykiltölur í rekstri og árangur skráður og vaktaður með það að markmiði að stuðla að betri nýtingu auðlinda, að draga úr sóun hráefna og auka endurnýtingu og endurvinnslu. Dæmi: pappírsmarkmið, orkunotkun, efnanotkun og magn sorps og matarafgangna.
2. Starfsfólk leikhússins fær reglulega fræðslu um umhverfismál og skulu sjálfbærnimarkmið sameinuðu þjóðanna vera sýnileg starfsfólki.
3. Umhverfis- og loftslagsstefna Þjóðleikhússins skal vera sýnileg almenningi til að auka meðvitund gesta um umhverfið og fyrirspurnir þeirra gerðar aðgengilegar.
4. Sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna skulu vera höfð til hliðsjónar í listrænni ákvarðanatöku og þau kynnt listrænum stjórnendum og öðru starfsfólki sem kemur tímabudnið til vinnu við Þjóðleikhúsið.
5. Koma á fót samstarfi við Breska Þjóðleikhúsið og fá fræðslu um þeirra GrænBók.

Hvað mælum við?

- Fjöldi fyrirlestra sem haldnir eru fyrir starfsfólk sem ýta undir sjálfbærnimarkmiðin.
- Fjöldi veggspjalda sem fræða fólk um umhverfið/sjálfbærni/flokkun er aðgengilegt starfsfólki annars vegar og almenningi hins vegar.

Samskipti og félagsauður

1. Jafnlaunavottun viðhaldið
2. Samskiptasáttmáli sýnilegur

Hvað mælum við?

- Árleg ánægjukönnun starfsfólks

